

17. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ef líkur eru á, að skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, sje óhætt, má lögreglustjóri, eða skipaskoðunarmaður, er skipaskoðunarstjóri hefir sjerstaklega veitt heimild til þess, hefta brottfór þess til bráðabirgða.

Sama gildir ef skipstjóri, útgerðarmaður, eða sá maður sem í þeirra stað kemur, tálma því, að skipaskoðunarmenn geti framkvæmt til hlítar skoðun er þeir telja nauðsynlega.

Sá sem brottför skipa heftir skal tafarlaust tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni, með brjefi eða símskeyti, ástæðurnar til þess, að brottför skipsins var heft, og hvað gera þurfi til þess, að því verði leyfð brottför. Skipið sem heft hefir verið, má eigi leggja úr höfn, fyr en bætt hefir verið úr göllum þeim sem á því voru, og það sannað með, skoðunargerð.

Ákvæði greinar þessarar gilda og um erlend skip, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kunna af gildandi þjóðasamningum.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. laganna orðist þannig:

Þar sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara um eftirlit með öryggi skipa, til allra skipa, sem stærri eru en 12 rúmlestir og gerð eru út hjer á landi, svo og til allra vjelbáta og róðrabáta fjórróinna eða stærri, sem stunda fiskiveiðar hjer við land eina vertið á ári eða lengur, og til allra vjelbáta, er flytja farþega eða vörur að staðaldri. Fjórróinn er sá bátur, sem róið er af fjórum mönnum.

3. gr.

Í stað 6. gr. laganna komi tvær nýjar greinar svohljóðandi, og breytist eftirfarandi greinatala laganna samkvæmt því:

6. gr. Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

Til að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar ráðuneytið skipaskoðunarstjóra, og skal honum fenginn aðstoðarmaður einn eða fleiri. Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvort ár upp í 6000 kr. Laun aðstoðarmanna hans skulu ákveðin í fjárlögum. Launin greiðast úr ríkissjóði.

Skipaskoðunarstjóri hefir eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, hann rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna, fer eftirlitsferðir um landið til að sjá um hvernig lögnum er fylgt, semur skrá yfir íslensk skip og aðstoðar fjármálaráðuneytið við framkvæmd laga um skrásetningu skipa.

7. gr. Atvinnumálaráðuneytið skiftir landinu í skipaskoðunarumdæmi, og skipar, eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, til framkvæmdar eftirlitinu, í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn, sem þurfa þykir. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir, sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli vinna starf sitt samviskusamlega.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, þær, er ræðir um í lögum þessum, eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þess er þörf getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sje kröfum þeim, er gerðar eru í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, er því eru ætlaðar. Þeim er og skylt endranær að hafa eftir föngum vakandi auga með því, að hlýtt sje fyrirmælum þeim, sem sett eru um öryggi skipa, og skulu þeir tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, ef þeir verða þess vísari, að misbrestur sje á því.

Skipaskoðunarmenn eiga rjett á þóknun fyrir starfa sinn, samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur. Þóknunina greiðir eigandi skips, og má taka bana lögtaki. Þurfi skipaskoðunarmenn að takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal ferðakostnaður þeirra greiddur úr ríkissjóði.

4. gr.

1. setning 10. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og tillögur sínar um það hvort skipinu skuli gefið hæfærissskírteini eða eigi, en skipaskoðunarstjóra senda þeir skýrslu um skoðunina og skal þetta hvorttveggja ritað eftir fyrirmynd er atvinnumálaráðuneytið setur.

Í stað orðanna »og skal það ávalt sýnt bæði við tollafgreiðslu« í 3. málsgr. 10. gr. laganna komi: og skal það ávalt sýnt við tollafgreiðslu skipsins, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja.

5. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist:

Fyrir útgáfu eða áritun hæfærissskírteinis, sbr. 16. gr., greiði skipseigandi af hverri brúttó smálest skipsins gjald til ríkissjóðs, svo sem hjer segir:

Fyrir hæfærissskírteini skipa undir 30 rúmlesta 50 aura af hverri rúmlest. Þó ekki undir 3 kr. fyrir hvert skip.

Fyrir hæfærissskírteini skipa 30—100 rúmlesta 40 aura af hverri rúmlest, þó ekki undir 15 kr. fyrir hvert skip.

Fyrir hæfærissskírteini skipa 100—500 rúmlesta 25 aura af hverri rúmlest, þó ekki undir 40 kr. fyrir hvert skip.

Fyrir hæfærissskírteini skipa yfir 500 rúmlesta 15 aura af hverri rúmlest, þó ekki undir 125 kr. fyrir hvert skip.

Kvittun fyrir gjaldinu skal lögreglustjóri rita á hæfærissskírteinið.

6. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist:

Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sje þá eigi ár liðið frá síðustu botnskoðun.

7. gr.

16. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og álit sitt um það hvort þeir telji skipið haffært, svo og skipaskoðunarstjóra skýrslu um skoðunina og skal hvorttveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Telji skoðunarmenn skipið haffært ritar lögreglustjóri á haffærissskirteinum þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi verið gerð, og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært. Fyrir áritun þessa greiði skipseigandi sama stimpilgjald sem fyrir útgáfu haffærissskirteinis.

8. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Nú er skoðun gerð samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara eða samkvæmt 92. gr. siglingalaga 30. nóvember 1914 og ákveður þá skipaskoðunarstjóri, eða lögreglustjóri í forföllum hans, hvort skoðunin skuli vera aðal-
skoðun eða aukaskoðun.

9. gr.

Aftan við 3. málsg. 18. laganna komi ný málsg. svohljóðandi:

Með samþykki skipaskoðunarstjóra má fela færri mönnum, en að framan segir skoðun skips, enda sjeu þeir nægilega sjerfróðir.

10. gr.

Á eftir orðinu »Lögreglustjóri« í upphafi 21. gr. laganna komi:
Skipaskoðunarstjóri.

11. gr.

Í stað 100 kr. í fyrri málsgrein 30. gr. laganna komi:
50 kr.

12. gr.

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 37, 19. júní 1922, og gefa þau út svo breytt.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við framkvæmd laga nr. 37, 19. júní 1922 hefir það komið í ljós, að æskilegt mundi vera að gera nokkrar breytingar á þeim og því er þetta frumvarp

fram komið. Aðalbreytingin sem það hefir að flytja er sú, að skipaður verði sjerstakur skipaskoðunarstjóri, og honum falin stjórn allra framkvæmda um skipaskoðunarmál. Um aðrar breytingar verður getið sjerstaklega við hverja grein frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í nógildandi lögum er lögreglustjóra einum heimilað að hefta brottför skips, sem grunur er um að óhaffært sje. Í frv. er ákveðið að skipaskoðunarmenn geti og heft brottför skips af þessum ástæðum. Breyting þessi styðst við það einkanlega að oft gæti þurft svo skjótra úrræða til að hefta brottför skipsins, að eigi væri ráðrúm til að leita til lögreglustjóra. Eigi er þó ætlast til að allir skipaskoðunarmenn hafi þetta vald, heldur aðeins þeir, sem skipaskoðunarstjóri felur það sjerstaklega. — Ennfremur er í grein þessari veitt heimild til að hefta brottför skips, ef því er tálmað af skipstjóra, eða öðrum, sem hlut eiga að máli, að skoðunarmenn geti framkvæmt skoðun svo sem þeir telja, að nauðsynlegt sje. Til þessa var eigi skýr heimild áður og er þess að vænta, að þetta ákvæði verði til þess að girða fyrir að skipaskoðunarmönnum verði gert erfitt fyrir um skoðun skips, af hálfu umráðamanna þess. Einn eru í grein þessari ákvæðin tilkynningu til útgerðarmanns eða skipstjóra um ástæðurnar til þess, að brottför skips er heft, og loks ákvæði um að hefta megi brottför erlendra skipa sem innlendra, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kunna af gildandi þjóðsamningum. Er þetta síðastnefnda ákvæði sett með tilliti til samnings þess, er Norðurlandarákin, þ. á. m. Ísland, gerðu með sjer í Kaupmannahöfn 28. jan. 1926, um haffæri skipa og skipsbúnað, og svipaða samninga er e. t. v. síðar kunna að verða gerðir við önnur ríki.

Um 2. gr.

Breyting sú, sem í þessari grein felst, á að taka af allan vafa um það, að lögin taki og til vjelbáta, sem flytja farþega eða vörur að staðaldri, en eru minni en 12 smálestir og stunda eigi fiskiveiðar. Slikir bátar falla eigi undir ákvæði 5. gr. nógildandi laga, en þörfin á eftirliti með öryggi þeirra er sist minni en um fiskibáta.

Um 3. gr.

Eftirlit með öryggi skipa hjer á landi er nú þegar orðið mjög umfangsmikið starf, sem best má sjá af því, að nú eru í landinu 193 skipaskoðunarmenn. Eftirlit þetta er atvinnuáráðuneytinu ókleift að framkvæma svo til hlítar sje, nema það hafi sjer við hlið sjerfróðan mann, er það geti falið framkvæmdir þessara mála. Hefir því líka verið þannig hagað að undanfögnu. Hjer er aðeins ætlast til að það skipulag, sem þegar er á komið, sje lögfest og verksvið skipaskoðunarstjóra ákveðið. Um fjárhagshlið málsins er það að segja að þessi breyting mundi engin útgjöld hafa í för með sjer fyrir ríkissjóð, því að fjárveitingin í 19 b. 16. gr. fjárlaganna, 8000 kr., til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra, myndi falla niður. Hins vegar myndi þessi nýja skipun verða til þess, að meiri festa kæmist á eftirlitið og það yrði að meira gagni.

Um 4. gr.

Í grein þessari felast tvær breytingar frá nógildandi lögnm. Hin fyrri er sú, að skipaskoðunarmanni, en ekki lögreglustjóra, skuli sendar allar skoðunar-skýrslur. Er það eðlilegast að svo sje, með því að skipaskoðunarstjóri á að hafa aðaleftirlitið með skoðununum og hefir meiri sjerfræði til að bera í þeim málum en lögreglustjórarnir. Með þessu ætti það og að nást, að betra samræmi yrði á skoðunargerðum víðsvegar um landið.

Hin breytingin er sú, að skylt skuli að sýna haffærisskirteini við lögskráningu á skipið og greiðslu slysatryggingargjalds skipverja. Þetta ákvæði er nandsynlegt til þess að eftirlit verði haft með því, að haffærisskirteini þeirra skipa, þar sem ekki er um tollafgreiðslu að ræða, sje í lagi.

Um 5. gr.

Það virðist sanngjarnt að skipseigandi greiði nokkurt gjald í rikissjóð fyrir útgáfu haffærisskirteinis, líkt og bifreiðareigandi greiðir kostnað við skoðun bifreiðar, sbr. l. 56, 15. júní og 1926 § 4 og verksmiðjueigandi eða vjelareigandi fyrir skoðun þeirra, sbr. l. 24, 7. maí 1928 § 23.

Um 6. gr.

Heppilegt getur verið og hagkvæmt fyrir útgerðarmann að botnskoðun fari fram á öðrum tíma en hin almenna aukaskoðun, og hættulaust að leyfa það, sje þess gætt að eigi líði of langur tími milli skoðana. Því er hjer farið fram á að leyfa það.

Um 7. gr.

Sjá aths. við 4. og 5. gr.

Um 8. gr.

Eðlilegt er að skipaskoðunarstjóri úrskurði það atriði, er hjer ræðir um, ef til hans næst.

Um 9. gr.

Stundum hefir reynst örðugt að fá svo marga menn til skoðunar, sem 18. gr. gerir ráð fyrir. Er því hjer farið fram á að heimilað verði að víkja frá þeim ákvæðum, þegar skipaskoðunarstjóri er því samþykkur.

Um 10. gr.

Parfnast eigi skýringar.

Um 11. gr.

Lágmark sekta samkvæmt 30. gr. er 100 kr. Er það of hátt og getna orðið til þess að síður sje kært yfir lítilfjórlegum brotum. Því er hjer gert ráð fyrir að lágmarkið sje fært niður í 50 kr.

Um 12. og 13. gr.

Parfnast ekki skýringa.

IS. Frumvarp

til fjárukalaga fyrir árið 1927.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum 1927, eru veittar kr. 890309,26 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2—10. hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

	kr.	kr.	kr.
Við 4. Annar kostnaður	31039,69		
— 5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum ...	97,79		
— 6. h. Til pappirs og prentunar	3776,15		
c. — kostnaðar við sendingar	355,83		
— 7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðs- húsinu og ráðherrabústaðnum	7626,65		
		42896,11	

II. Hagstofan.

Við 3. Pappír, prentun og hefting hagsk.	1529,30		
— 4. Prentun eyðublaða	332,40		
— 5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	386,44		
— 7. Til að gefa út manntalið 1703	80,44		
		2328,58	

III. Utanríkismál o. fl.

Við d. Til skrifstofuhalds	1166,56		
— 4. Kostnaður við sambandslaganefnd ...	3748,73		
		4915,29	
			50139,98
			Flyt ... 50139,98

kr.
Flntt ... 50139,98

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglnstjórn.		
þ 1. b. Annar kostnaður	1927,23	
- 4. d. Ýms rétgjöld	1476,29	
- a. Lann fllltrúa, 3. skrifara og inn- heimtumanns	6976,00	
- b. Lann 3. tollvarða	1722,00	
- d. Hiti og ljós	465,00	
- e. Innheimtnkostnaður	4526,00	
- 6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta..	2833,26	
- 8. Til landhelgisgæslu	106034,66	
- 10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa	5563,29	
- 11. Annar sakamálakostnaður og lögreglu- mála m. m.	29619,84	
- 12. Borgun til sjódomsmanna	1280,00	
- 13. Borgun til setu- og varadómara	387,40	
	<hr/>	162810,97

B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.

- 1. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri	12713,17	
- 2. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar... ..	7525,51	
- 3. Til embættiseftirlitsferða	1753,60	
- 4. Gjald til yfirskattanefnda og fyrir skatt- virðingar	14321,99	
- 5. Eyðublöð, bókbænd, auglýsingar o. fl. ..	12072,20	
	<hr/>	48386,47
		<hr/>
		211197,44

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaSKIPUNAR og heilbrigðismála.

- 8. Til geislalækningastofu ríkisins	3500,00	
- 9. Til sömu stofnunar, áhaldakaup	1000,00	
	<hr/>	
Flyt ...	4500,00	261337,42

	kr.	kr.	kr.
Flntt ...	4500,00	261337,42
Við 17. Heilsnhælið á Vífilstöðum	3211,25		
— 18. b. Til viðbótarbyggingar við geðveikra- hælið á Kleppi	35000,00	
			42711,25

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

Samgöngumál.

A. Póstmál.

Við 3. a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara eftir reikningi	4041,18		
— d. Önnur gjöld	6069,20		
			10110,38

B. Vegabætur.

Við I. 3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	683,60		
— 4. Til aðstoðarmanna og mælinga ..	12824,35		
— 5. Skrifstofukostnaður	324,89		
— II. a. 6. Langadalsvegur	730,35		
— 8. Pelamerkur vegur	187,05		
— b. Viðhald og umbætur	73575,02		
— IV. Til brúargerða	51878,08		
— VI. Fjallvegir... .. .	483,55		
— VIII. 1. Til akfærra sýsluvega	379,25		
— XIII. Til þess að kaupa Förnahvamm og byggja þar gistihús	12696,02		
			153762,16

C. Samgöngur á sjó.

Við 1. Til strandferða Esju	65307,83		
— 2. — bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum			
— a. Rekstrarstyrkir	5250,00		
			70557,83

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Við I. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- kaupa o. fl.	14805,49		
--	----------	--	--

14805,49 234430,37 304048,67

Um 11. gr.

Lágmark sekta samkvæmt 30. gr. er 100 kr. Er það of hátt og getur orðið til þess að síður sje kært yfir lítilfjórlegum brotum. Því er hjer gert ráð fyrir að lágmarkið sje fært niður í 50 kr.

Um 12. og 13. gr.

Parfnast ekki skýringa.